

# ÁRSSKÝRSLA 2018



**SSNV**

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

## EFNISYFIRLIT

STARFSMENN SSNV 2018 .....	2
STJÓRNIR SSNV 2016-2018 OG 2018-2020.....	3
SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2018 .....	5
SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2015-2019 .....	9
„BESTU BÚSETUSKILYRÐIN Í SKAGAFIRÐI“ - ÍBÚAKÖNNUN Á NORÐURLANDI VESTRA	19
IÐNAÐARUPPBYGGING Á NORÐURLANDI VESTRA .....	20
SSNV ATVINNUÞRÓUN.....	21
SAMGÖNGUMÁL Á NORÐURLANDI VESTRA.....	23
SAMSTARF Á VETTVANGI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR.....	25
„HEFURÐU ÁHUGA Á AÐ VIRKJA LÆKINN ÞINN?“ - SMÁVIRKJANASJÓÐUR SSNV .....	27
NÝR GAGNAGRUNNUR UM MENNINGARMÁL.....	28
NÁMS- OG KYNNISFERÐ TIL KANADA .....	28
DIGI2MARKET .....	28
AÐ KOMA NORÐURLANDI VESTRA OG SSNV Á KORTIÐ.....	30
SVEITARSTJÓRNARVETTVANGUR EFTA .....	31
ÁRSPING SSNV 2018 .....	32
AUKAÁRSPING SSNV 2018 .....	32
HAUSTÞING SSNV 2018 .....	33
KYNNING TIL SVEITARSTJÓRNARFÓLKS .....	33
ÁRSREIKNINGUR .....	34

## STARFSMENN SSNV 2018



**Unnur Valborg Hilmarsdóttir**  
framkvæmdastjóri frá 1. júlí



**Björn Líndal Traustason**  
framkvæmdastjóri til 1. júlí



**Katharina Ruppel**  
skrifstofu- og bókhaldsstörf



**Davíð Jóhannsson**  
atvinnuráðgjafi/ferðamál



**Magnús Bjarni Baldursson**  
atvinnuráðgjafi



**Ingibjörg Guðmundsson**  
verkefnisstjóri / atvinnuráðgjafi



**Sólveig Olga Sigurðardóttir**  
atvinnuráðgjafi



**Sveinbjörg Rut Pétursdóttir**  
atvinnuráðgjafi

Sími: 455-2510 | [www.ssnv.is](http://www.ssnv.is) | [ssnv@ssnv.is](mailto:ssnv@ssnv.is)

## STJÓRNIR SSNV 2016-2018 OG 2018-2020



| Stjórn SSNV 2018-2020

Stjórn 2018-2020 - Kjörin á 2. haustþingi þann 19. október 2018 á Blönduósi:

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður

Álfhildur Leifsdóttir, varaformaður

Ragnhildur Haraldsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson

Valdimar O. Hermannsson

Varastjórn:

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Gunnsteinn Björnsson

Halldór G. Ólafsson

Ingveldur Ása Konráðsdóttir

Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir



| Stjórn SSNV 2016-2018

Stjórn SSNV 2016-2018 - Kjörin á 24. ársþingi þann 21. október 2016 á Sauðárkróki:

Stefán Vagn Stefánsson, formaður

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, varaformaður (gekk úr stjórn í júlí 2018)

Adolf H. Berndsen

Sigríður Svavarsdóttir

Valgarður Hilmarsson

#### Varastjórn


Bjarki Tryggvason

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Elín Jóna Rósinberg (tók sæti aðalmanns í júlí 2018)

Gunnsteinn Björnsson

Þorleifur Ingvarsson



| Ljósmynd: Róbert Daniel Jónsson

## SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2018

Árið 2018 var 26. starfsár Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Á þessum 26 árum hafa samtökin gengið í gegnum ýmsar breytingar eins og eðlilegt er. Það má í raun segja að hvert einasta ár í starfi samtakanna hafi verið ár breytinga af einhverjum toga.

Það sem setti mestan svip sinn á samtökin á árinu 2018 var þrennt. Í fyrsta lagi sveitarstjórnarkosningar og mannbreytingar í stjórn og hópi þingfulltrúa á þingum samtakanna af þeim sökum. Í öðru lagi hófst vinna við endurskilgreiningu á hlutverki samtakanna og í þriðja lagi urðu framkvæmdastjóraskipti á árinu. Þrátt fyrir þessar breytingar allar hafa starfsmenn staðið vaktina með sóma og gert það að verkum að ekki hefur komið hökt í starfsemi samtakanna. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir það.

Stjórn samtakanna fundaði 15 sinnum á árinu 2018 auk þess sem stjórnarmenn tóku þátt í hinum ýmsu viðburðum, svo sem sameiginlegum fundum landshlutasamtakanna, fundum með stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, fundi sveitarstjórnarvettvangs EFTA, fundum með fjárlaganefnd og þingmönnum kjördæmisins o.s.frv.

Ársmeting samtakanna var haldið í Skagabúð í Skagabyggð þann 6. apríl. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa kom Björg Ágústsdóttir, ráðgjafi hjá Alta, til þings og fór yfir þá vinnu sem

stjórn hóf í byrjun árs við endurskilgreiningu á hlutverki samtakanna. Leiddi hún þingfulltrúa í gegnum hugmyndavinnu í tengslum við það verkefni sem heppnaðist vel.

Á ársþinginu var samþykkt tillaga um að boða til aukaársþings að afloknum sveitarstjórnarkosningum þar sem rætt yrði um stefnu og hlutverk samtakanna til næstu ára. Til aukaársþingsins var boðað þann 22. ágúst 2018 á Mælifelli á Sauðárkróki. Björg Ágústsdóttir, ráðgjafi hjá Alta, leiddi þingfulltrúa í gegnum vinnu við að svara spurningum um starf samtakanna. Í framhaldi af því var valinn starfshópur til að setja fram tillögur um framtíðarskipulag starfsemi samtakanna. Starfsmenn kynntu svo helstu þætti starfseminnar fyrir nýjum sveitarstjórnarmönnum en endurnýjun í þeirra hópi var mikil. Alls voru 67% kjörinna sveitarstjórnarmanna nýir að kosningum loknum miðað við 51% á kjörtímabilinu á undan. Þó einhver endurnýjun í hópi sveitarstjórnarmanna sé nauðsynleg hlýtur það að teljast áhyggjuefni hve mikið hún er að aukast.

Starfshópur um framtíðarskipulag samtakanna, sem skipaður var á aukaársþinginu, fundaði þrisvar sinnum í september og október og vann úr þeim gögnum sem aflað hafði verið á ársþingi og aukaársþingi ásamt vinnu stjórnar. Lagði hópurinn svo fram tillögu að breytingum og lagði jafnframt til að skipaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að yfirfara samþykktir og þingsköp í takt við breytingarnar. Þetta var samþykkt á haustþingi samtakanna sem haldið var á Blönduósi 19. október 2018.

Á haustþingi var ný stjórn kosin til starfa ásamt úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs og fagráðum menningar og atvinnu og nýsköpunar. Einnig var á haustþinginu kosin samgöngu- og innviðanefnd sem fékk það hlutverk að setja saman samgönguáætlun fyrir landshlutann og leggja fram til afgreiðslu ársþings 2019. Í ljósi mikillar endurnýjunar í hópi sveitarstjórnarmanna var strax að þingi loknu boðað til dagskrár sem opin var öllum sveitarstjórnarmönnum á starfssvæðinu. Fjallað var um sameiginleg verkefni sveitarfélaganna á borð við málefni fatlaðs fólks, sóknaráætlun og áhersluverkefni innan hennar, starf heilbrigðiseftirlits, starfsemi Norðurár o.fl.

Á árinu 2018 hefur því nokkuð farið fyrir innra starfi í tengslum við framtíðarskipulag samtakanna. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að ekki þótti ástæða til að gera miklar breytingar á starfi samtakanna heldur að breyta lítillega hlutverki þeirra. Í þeirri vinnu komu fram nokkrar áherslur sveitarstjórnarmanna sem margar hverjar lutu að miðlun upplýsinga og hafa starfsmenn unnið að því undanfarna mánuði að bæta úr því með tíðari skrifum fréttu á heimasíðu og á samfélagsmiðla. Einnig eru útsendingar til sveitarstjórnarmanna með dagskrá og fundargögnum stjórnarfunda nýttar til að miðla upplýsingum. Aukin áhersla hefur verið lögð á kynningu á starfi samtakanna almennt og bætt aðgengi að atvinnuráðgjöfum á starfssvæðinu öllu, m.a. með viðveru á þeim stöðum þar sem ekki er fastur atvinnuráðgjafi. Hefur það mælst vel fyrir og er sífellt meira nýtt.



| Ljósmynd: Róbert Daníel Jónsson

Af öðrum verkefnum má nefna almenningsamgöngur sem voru á árinu 2018 í nokkurri upplausn vegna óvissu um framhald samninga. Landshlutasamtökin sögðu upp samningum sínum við Vegagerðina frá og með 1. janúar 2019 vegna uppsafnaðs halla af starfseminni. Undir blá lok árs gerðu öll landshlutasamtök nema Suðurnes samning við Vegagerðina um rekstur almenningsamgangna til eins árs á árinu 2019.

Fyrirkomulag starfsins á Norðurlandi vestra er með sama hætti og verið hefur, tvær styttri leiðir sem reknar eru (Hvammstangi-Norðurbraut og Blönduós-Skagaströnd) auk samstarfs við landshlutasamtökin á Vesturlandi og Vestfjörðum um rekstur leiðar 57, Reykjavík-Akureyri. Leið 57 var rekin með tapi á árinu 2018 sem landshlutasamtökin þurfa að bera. Viðræður eru þó í gangi um að Vegagerðin bæti landshlutasamtökum upp áorðið tap af rekstri almennings-samgangna og er beðið staðfestingar fjármögnunar á þeirri endurgreiðslu. Ætla má að samningaviðræður um framhald verkefnisins hefjist um mitt ár 2019 en ljóst að ekki er vilji hjá landshlutasamtökum að halda áfram að reka verkefnið nema tryggt verði að nægilegt fjármagn fáið með rekstrinum.

Sem fyrr hafa verkefni tengd Sóknaráætlun Norðurlands vestra verið fyrirferðarmikil í starfinu. Má þar nefna úthlutun styrkja, ýmis áhersluverkefni, sérstök verkefni vegna viðaukasamninga og gerð kannana meðal styrkþega um umsóknar- og samningsferlið. Af áhersluverkefnum má nefna verkefni um smávirðjanir en alls 8 aðilar fengu styrk til frumathugana á sínum jörðum. Einnig má nefna verkefni um aukinn stuðning til styrkhafa úr Uppbyggingarsjóði en undir þeim formerkjum hafa verið haldin gagnleg námskeið, t.d. um rafræna markaðssetningu og stofnun fyrirtækja, félagafarm og skattskil. Hafa þessi námskeið verið gjaldfrjáls fyrir þá aðila sem fengið hafa styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra. Af öðrum áhersluverkefnum má nefna kostun á ferð með erlenda ferðaheildsala um Norðurland



vestra í tengslum við VestNorden ferðasýninguna, stuðning við þróun matvælabrautar við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, sameiginlegt verkefni með Eypingi um framtíðarskipan úrgangsmála og greiningu á kolefnisspori Norðurlands vestra. Á árinu hófst einnig vinna við áhugavert Norðurslóðarverkefni sem miðar að því að auðvelda fyrirtækjum sem staðsett eru fjarri markaði að koma vörum sínum og þjónustu á framfæri. Um þessi verkefni verður fjallað sérstaklega síðar í skýrslunni.

Samstarf við önnur landshlutasamtök verður meira með hverju árinu og er það vel. Landshlutasamtökin vinna saman að hinum ýmsu greiningum, sem og umsögnum um þingmál. Dæmi um það má nefna greiningu sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Vestfjarðastofa og SSNV létu vinna fyrir sig á áhrifum veiðigjalda á útgerðarfyrirtæki í Norðvesturkjördæmi. Í framhaldinu var unnin sameiginleg umsögn um veiðigjaldafrumvarpið. Einnig hafa lands-hlutasamtökin verið samstíga í málum er tengjast almenningsangöngum, samtali við ríkisvaldið tengt hinum ýmsu stefnum og áætlunum ríkisins o.s.frv.

Eins og fram kom í upphafi urðu breytingar á meðal starfsmanna samtakanna á árinu. Um mitt ár hvarf Björn Líndal til annarra starfa og við framkvæmdastjórástarfinu tók Unnur Valborg Hilmarsdóttir. Eru Birni færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Í hópi atvinnuráðgjafa urðu þær breytingar að í apríl lét Magnús Bjarni Baldursson af störfum sem atvinnuráðgjafi. Sólveig Olga Sigurðardóttir, atvinnuráðgjafi, sem verið hafði í launalausuleyfi, kom aftur til starfa á haustmánuðum. Í árslok 2018 voru starfsmenn samtakanna því: Davíð Jóhannsson, ráðgjafi á sviði ferðamála, Ingibergur Guðmundsson, verkefnisstjóri sóknaráætlunar, Katharina Ruppel, bókarí, Sólveig Olga Sigurðardóttir, atvinnuráðgjafi, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri. Þessir 6 starfsmenn eru samtals í 5,25 stöðugildum.

Að framantöldu má sjá að í nógu er að snúast á vettvangi samtakanna. Stjórn vill færa starfsmönnum þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samfélagsins á Norðurlandi vestra og ánægjulegt samstarf. Starf samtakanna er sveitarfélögum á Norðurlandi vestra mikilvægur vettvangur til sameiginlegrar hagsmunagæslu og uppbyggingar í landshlutanum. Á Norðurlandi vestra eru mörg tækifæri sem við getum með öflugum samstarfi nýtt til að bæta búsetuskilyrði hér enn frekar.



| Ljósmynd: Róbert Daníel Jónsson

## SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2015-2019

Árið 2018 er fjórða árið af fimm ára samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Framkvæmd samningsins gengur vel og er í föstum skorðum. Í fyrsta sinn voru ákveðin áhersluverkefni til tveggja ára með það að markmiði að ná meiri samfelli í starfseminu.

Í nóvember var gerður sérstakur fjögurra ára samningur milli Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og SSNV um stuðning við Blönduósbæ vegna innviðauppgildingar í tengslum við byggingu gagnavers á Blönduósi.

Árið 2018 var einnig síðasta árið í sérstakri styrkveitingu til atvinnuþróunar og nýsköpunar, skv. þriggja ára samningi sem gerður var við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið 2016.

## MARKMIÐ SÓKNARÁÆTLUNARINNAR

Samkvæmt 1. grein samningsins er markmið hans: „að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna“.

Í 2. gr. samningsins er kveðið á um að gerð sé sóknaráætlun til 5 ára sem sé jafnframt þróunaráætlun landshlutans. Áætlunin skal ná til fjögurra efnisflokka; a) menningarmála, b) nýsköpunar og atvinnuþróunar, c) uppbyggingu mannauðs og d) lýðfræðilegrar þróunar svæðisins. Sóknaráætlunin skal í það minnsta byggja á: a) greiningu á stöðu svæðisins, b) stefnumótandi áherslum Samráðsvettvangs og c) svæðisskipulagi þar sem það liggur fyrir.

Segja má að Sóknaráætluninni sé skipt í þrennt: a) *Sóknaráætlun landshlutans*, b) *Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra* sem hefur svipað hlutverk og fyrrum menningar- og vaxtarsamningar, þ.e. að útteila styrkjum til verkefna á sviði menningar og atvinnuþróunar/nýsköpunar og c) *Áhersluverkefni* sem hafa „beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangsins“.

## FJÁRMAGN

Samkvæmt fjárlögum var fjármagn frá ríkinu til samningsins árið 2018 alls 81.707.766 kr. Þá er framlag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. og vaxtatekjur v/ársins 2017 487.162 kr. Auk þessa voru tveir viðaukasamningar; sérstakur styrkur til atvinnuþróunar og nýsköpunar að upphæð 10 millj. og styrkur til innviðaupbyggingar á Blönduósi að upphæð 20 millj. kr. Alls eru þetta 119.613.928 kr.

Stjórn SSNV ákvað að skipting fjárisins árið 2018 yrði sem hér segir: a) Uppbyggingarsjóður 50.000.000 kr., þar af 30 millj. kr. til menningarmála og 20 millj. kr. til atvinnuþróunar / nýsköpunar, b) áhersluverkefni 32.126.766 kr., c) Atvinnu- og nýsköpunarsjóður 10 millj. kr., d) innviðaupbygging á Blönduósi 20 millj. kr. og e) umsýsla 7 millj. kr. Vaxtatekjur ársins 2017 voru fluttar til ársins 2019.

Einnig var úthlutað styrkjum Uppbyggingarsjóðs frá árinu 2017 sem höfðu verið afþakkaðir eða felldir niður, samtals að upphæð 5,6 millj. kr. og 4,6 millj. kr. frá Atvinnu- og nýsköpunarsjóði.



| Ljósmynd: Róbert Daniel Jónsson

## SAMRÁÐSVETTANGUR SÓKNARÁÆTLUNAR

Árlegur fundur Samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Norðurlands vestra, sem í eru fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á svæðinu, var haldinn í Miðgarði 4. okt. Á fundinum kynnti Snorri Björn Sigurðsson, Byggðastofnun, þingsályktun um Byggðaaætlun 2018-2024, sem samþykkt var á Alþingi 11. júní sl. Í áætluninni eru sett fram markmið, áherslur og mælikvarðar ríkisvaldsins fyrir þessi ár, m.a. að jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Þá var farið yfir framkvæmd Sóknaráætlunar Norðurlands vestra sl. ár, m.a. styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði og kynnt svokölluð áhersluverkefni 2018-2019 sem snúa að fjölmörgum þáttum í ferðapjónustu, innviðagreiningu, orku- og umhverfismálum.

Núverandi samningur við ríkisvaldið um Sóknaráætlun Norðurlands vestra rennur út í árslok 2019. Viðræður um nýjan samning munu væntanlega hefjast fyrri hluta þess árs og því fóru fulltrúar í Samráðsvettvangnum yfir núverandi samning til að greina hvað er í lagi og hvað má betur fara.



| Ljósmynd: Ingibergur Guðmundsson

## ÁHERSLUVERKEFNI

Í upphafi árs 2018 ákvað stjórn SSVN að tengja saman flest áhersluverkefni 2018 og 2019.

*„Stjórn samþykkir að hugað verði að verkefnum áráanna 2018 – 2019 í samhengi og staðfestir að til verkefna tengdum ferðapjónustu verði varið 10.000.000 kr. á árinu 2018 og 8.000.000 kr. á árinu 2019. Til verkefna tengdum innviðum, iðnaði og orkumálum verði varið 12.000.000 kr. á árinu 2018 og 8.000.000 kr. á árinu 2019. Til verkefna tengdum umhverfismálum verði varið 10.126.766 kr. á árinu 2018 og 4.000.000 á árinu 2019.“*

Svo sem sjá má á ofangreindri samþykkt eru þrjú meginvið verkefna sem öll miða að því að efla atvinnu og búsetu á Norðurlandi vestra. Þessi verkefni snúa að eflingu ferðapjónustu, gerð upplýsingasiðu um innviði landshlutans, m.a. til upplýsinga fyrir mögulega fjárfesta, uppbyggingu smávirkjana, hvernig leysa á úrgangsmál og eflingu kennslu í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra er lýtur að matvælum en landbúnaður og sjávarútvegur eru mikilvægar framleiðslugreinar í landshlutanum. Síðast en ekki síst er í fyrsta sinn hér á landi gerð tilraun til að reikna út kolefnisspor heils landshluta með það að markmiði að greina hvar helst er þörf á aðgerðum til að draga úr loftslagsmengun.

Áhersluverkefni ársins 2018 voru 11 talsins þar sem gert var ráð fyrir alls 32.126.776 kr. úr sóknaráætlun landshlutans. Verkefnin eru:

### Okkar áfangastaður

- *Markmið:* Að styrkja samkeppnisstöðu Norðurlands vestra með markvissri og faglegri uppbyggingu og markaðssetningu ferðaþjónustu landshlutans.
- *Framkvæmd:* Gerður var samningur við Markaðsstofu Norðurlands um verkefnið og það komið af stað undir lok árs.
- *Upphæð:* 3.000.000 kr.

### **Kynningarátak gagnvart erlendum ferðaheildsölum**

- *Markmið:* Að fjölga gistinóttum á svæðinu og bæta nýtingu fjárfestinga í greininni.
- *Framkvæmd:* Fyrsta verkefnið var kynningarferð fyrir erlenda söluaðila í tengslum við VestNorden ferðakaupstefnuna í október.
- *Upphæð:* 2.000.000 kr.

### **Styrking gæða og þjónustuinnviða**

- *Markmið:* Að fjölga gistinóttum á svæðinu og bæta nýtingu fjárfestinga í greininni.
- *Framkvæmd:* Unnið að undirbúningi námskeiða, sem verða haldin frá febrúar 2019.
- *Upphæð:* 1.350.000 kr.

### **Framleiðsla myndefnis**

- *Markmið:* Að fjölga gistinóttum á svæðinu og bæta nýtingu fjárfestinga í greininni.
- *Framkvæmd:* Í samstarfi við Markaðsstofuna hefur verið lagður grunnur að aðgengi umfangsmikils safns ljósmynda og myndbanda, teknum á Norðurlandi vestra .
- *Upphæð:* 2.000.000 kr.

### **Matarauður Norðurlands vestra**

- *Markmið:* Auka fullvinnslu og sölu vara frá frumframleiðendum (t.d. bændum) á Norðurlandi vestra.
- *Framkvæmd:* Unnið að undirbúningi viðburða í tengslum við smáframleiðendur og ferðaþjónustuna.
- *Upphæð:* 1.650.000 kr.

### **Matvælabraut FNV**

- *Markmið:* Að til verði ný braut við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Matvælabraut.
- *Framkvæmd:* Gerður var samningur við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra um framkvæmd verkefnisins.
- *Upphæð:* 4.300.000 kr.

### **Uppbygging smávirkjana**

- *Markmið:* Að fjölga smávirkjunum á Norðurlandi vestra.
- *Framkvæmd:* Sjá nánari greinargerð síðar í ársskýrslunni.
- *Upphæð:* 3.000.000 kr.

### **Innviðagreiningar og birting þeirra**

- *Markmið:* Auðvelda aðgengi fjárfesta og annarra að innviðaupplýsingum landshlutans.

- *Framkvæmd:* Samið var við Hvítarós um uppsetningu á kortavefsjá með helstu innviðaupplýsingum<sup>1</sup>.
- *Upphæð:* 3.000.000 kr.

### **Stafræn borg**

- *Markmið:* Að búa til stafrænan vettvang til samstarfs og þróunar og nýta upplýsingatækni við markaðssetningu hjá fyrirtækjum sem eru langt frá mörkuðum.
- *Framkvæmd:* Sjá nánari greinargerð síðar í ársskýrslunni
- *Upphæð:* 1.700.000 kr.

### **Framtíðarskipan úrgangsmála**

- *Markmið:* Að leysa meðhöndlun og förgun úrgangs/sorps á Norðurlandi með hagkvæmum og umhverfisvænum hætti.
- *Framkvæmd:* Verkefnið er samstarfsverkefni með Eyþingi. Skipuð hefur verið 3ja manna starfshópur sem í sitja Kristján Þór Magnússon Norðurþingi, Gunnar I. Birgisson Fjallabyggð og Einar E. Einarsson Skagafirði. Með hópnum starfa framkvæmdastjórar SSNV og Eyþings. Starfshópnum er ætlað að greina mögulegar leiðir til aukins samstarfs sveitarfélaga á Norðurlandi hvað varðar förgun sorps og stilla upp raunhæfum valkostum í þeim efnum með umhverfisvernd, hagkvæmni og skynsamlega nýtingu að leiðarljósi.
- *Upphæð:* 2.500.000 kr.

### **Kolefnisspor Norðurlands vestra**

- *Markmið:* Að minnka kolefnisspor Norðurlands vestra
- *Framkvæmd:* Gerður var samningur við fyrirtækið Umhverfisráðgjöf Íslands ehf (Environice) um heildarúttekt á kolefnisspori Norðurlands vestra. Verkefninu skal lokið fyrir 31. maí 2019.
- *Upphæð:* 7.626.766 kr.

---

<sup>1</sup> <https://hvitaros.maps.arcgis.com/apps/PublicInformation/index.html?appid=6162e3fae48a99684ce607757fdc1>

## GREINARGERÐ ÚTHLUTUNARNEFNDAR

### Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Í starfsreglum úthlutunarnefndar segir svo í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Hér á eftir fylgir því stutt yfirlit yfir starfsemina á árinu 2018.

### Starfsreglur úthlutunarnefndar og fagráða Uppbyggingarsjóðs

Á ársþingi SSNV, 16. október 2015, voru samþykktar starfsreglur fyrir úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs. Reglurnar er að finna á heimasíðu SSNV<sup>2</sup>.

### Kjör í úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs 2016-2018

Á ársþingi SSNV, 21. október 2016, fór fram kjör í úthlutunarnefnd og fagráð til tveggja ára, 2016-2018:

#### *Úthlutunarnefnd:*

Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Ingileif Oddsdóttir, Viggó Jónsson, Leó Örn Þorleifsson og Jóhanna Magnúsdóttir.

#### *Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar:*

Leó Örn Þorleifsson, formaður, Elín Aradóttir, Gunnsteinn Björnsson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Hólmfríður Sveinsdóttir.

#### *Fagráð menningar:*

Jóhanna Magnúsdóttir, formaður, Sigríður Svavarsdóttir, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, Guðmundur Haukur Sigurðsson og Magnús B. Jónsson.

### Úthlutun styrkja 2018

Á fundi stjórnar SSNV, 19. október 2017, voru samþykktar verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2018. Því næst var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til og með 30. nóvember 2017. Dreifibréf var sent inn á öll heimili og fyrirtæki á Norðurlandi vestra, auglýst var í sjónvarpsvísunum á svæðinu, í héraðsfréttablaðinu Feyki og á rafrænu svæðismiðlunum; feykir.is og huni.is. Þá var reglulega minnt á úthlutunina á svæðismiðlunum en einnig voru vinnustofur á svæðinu auglýstar sérstaklega. Auk þessa voru ýmsir svæðispostlistar notaðir til að auglýsa og minna á umsóknarfrestinn sem og heimasíður aðildarsveitarfélaganna.

Sú nýjung var að allar umsóknir fóru í fyrsta sinn í gegnum rafræna umsóknargátt sem gerð hafði verið fyrir alla landshlutana að frumkvæði stýrihóps Stjórnarráðsins. Gekk sú framkvæmd vel.

Alls bárust 107 umsóknir þar sem óskað var eftir 200 milljónum í styrki. Úthlutunarnefnd vísaði 15 umsóknum frá vegna formgalla en aðrar umsóknir fóru til umfjöllunar í fagráðunum sem lögðu svo tillögur sínar fyrir úthlutunarnefnd. Á fundi úthlutunarnefndar, 5. febrúar 2018, ákvað nefndin að úthluta 67 umsóknum styrk, alls að upphæð 55.602.996 kr.

<sup>2</sup> <http://www.ssnv.is/is/uppbyggingarsjodur/verklags-og-uthlutunarreglur>



Formleg úthlutun styrkja fór fram í Félagsheimilinu Húnaveri, 21. febrúar, að viðstöddum hátt í 100 manns, styrkþegum, forsvarsmönnum SSNV og fleirum.

### **Kjör í úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs 2018-2020**

Á haustþingi SSNV, 19. október 2018 fór fram kjör í úthlutunarnefnd og fagráð til tveggja ára, 2018-2020:

#### *Úthlutunarnefnd:*

Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Sigríður Svavarsdóttir, Þorsteinn Jóhannes Guðmundsson, Jóhanna Ey Harðardóttir og Adolf H. Berndsen

#### *Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar:*

Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður, Gunnsteinn Björnsson, Erla Gunnarsdóttir, Gunnar Tryggvi Halldórsson og Raket Runólfsson

#### *Fagráð menningar:*

Adolf H. Berndsen, formaður, Björg Baldursdóttir, Þórunn Helga Þorvaldsdóttir, Jón Örn Stefánsson og Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson. Guðbrandur Ægir hef sagt sig frá störfum í fagráðinu og hefur ekki enn verið skipaður fulltrúi í hans stað.

### **Úthlutun styrkja 2019**

Í ársskýrslu 2020 verður farið yfir umsóknar- og úthlutunarferli fyrir árið 2019.

### **Kannanir**

Gerðar voru tvær kannanir vegna Uppbyggingarsjóðsins. Fyrst var gerð könnun meðal allra umsækjenda eftir að umsóknarfresti lauk en einnig var gerð könnun meðal styrkhafa 4 mánuðum eftir úthlutun styrkja. Þátttaka í könnununum var um 50% og voru niðurstöður í heildina mjög jákvæðar.

### **Styrkveitingar 2018**

Listar yfir styrkhafa 2018 og önnur atriði er snerta úthlutun styrkja eru á heimasíðu SSNV<sup>3</sup>.

### **Fundargerðir**

Fundargerðir úthlutunarnefndar er að finna á heimasíðu SSNV<sup>4</sup>.

---

<sup>3</sup> <http://www.ssnv.is/is/uppbyggingarsjodur/styrkhafar>

<sup>4</sup> <http://www.ssnv.is/is/uppbyggingarsjodur/fundargerdir-1>

## VIÐAUKASAMNINGUR VIÐ SÓKNARÁÆTLUN

### 1. Atvinnu- og nýsköpunarsjóður Norðurlands vestra

Í september 2016 var undirritaður samningur milli SSNV og Atvinnu- og nýsköpunar-ráðuneytisins um Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Norðurlands vestra. Samningurinn er til þriggja ára og var framlag ríkisins til sjóðsins 10 milljónir króna á ári. Sérstaklega var horft til mikilvægis þess að byggja upp nýjar þekkingargreinar sem byggja á styrkleikum svæðisins og hæfa ungu, vel menntuðu fólki.


Markmið samningsins voru:

a) Til verði ný störf í þekkingargreinum.

b) Ungu fólki verði gert kleift að hasla sér völl í atvinnulífi á Norðurlandi vestra, t.d. með stofnun eigin fyrirtækja.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar SSNV var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um styrki í þennan nýja sjóð. Stjórnin ákvað einnig að eftirfarandi reglur myndu gilda: *Umsækjendur geta verið einstaklingar á Norðurlandi vestra sem eru 35 ára og yngri eða fyrirtæki í þeirra eigu. Hver styrkur er að lágmarki 2 milljónir króna.* Þá var ákveðið að úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs sæju um úthlutun styrkjanna og reglur þess sjóðs giltu eftir því sem hægt væri.

Í lok október 2017 var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til og með 30. nóvember. Alls bárust níu umsóknir. Að fengnum tillögum fagráðsins ákvað úthlutunarnefnd að styrkja þrjár umsóknir um alls 14.590.000 kr.



### 2. Samningur um innviðaupbyggingu á Blönduósi

Um miðjan nóvember undirrituðu ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, Sigurður Ingi Jóhannsson og Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV, viðaukasamning við Sóknaráætlun Norðurlands vestra vegna *Innviðauppbýggingar vegna gagnavers á Blönduósi.*

Styrkurinn á rætur að rekja til stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2018-2024 en fer í gegnum farveg Sóknaráætlunar landshlutanna og þar með landshlutasamtökin.

Styrkurinn er veittur til uppbyggingar innviða vegna fyrirhugaðs gagnavers Borealis Data Center við Blönduós. Vegna framkvæmdanna þarf Blönduósbær að ráðast í umfangsmiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir. Gera þarf götur og lýsingu, leggja rafmagn, vatns- og fráveitulagnir o.fl.

Í framhaldi af ofangreindri styrkveitingu undirrituðu Valdimar O. Hermannsson sveitarstjóri Blönduóssbæjar og Unnur Valborg Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri SSNV samning vegna verkefnisins og stuðningsins við það. Heildarupphæð styrksins er kr. 95 milljónir, 20 milljónir á árinu 2018 en svo 25 milljónir á ári á árunum 2019-2021.



| Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV og Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra



| Valdimar O. Hermannsson sveitarstjóri Blönduóssbæjar og Unnur Valborg Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri SSNV.



| Ljósmynd: Róbert Daníel Jónsson

## „BESTU BÚSETUSKILYRÐIN Í SKAGAFIRÐI“ - ÍBÚAKÖNNUN Á NORÐURLANDI VESTRA

Eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar Norðurlands vestra árið 2016 var íbúakönnun á Norðurlandi vestra. Markmið hennar var að taka saman viðhorf íbúa landshlutans til þeirra þátta sem m.a. hafa áhrif á val á búsetu þeirra. Samið var við Vífil Karlsson hagfræðing um framkvæmd könnunarinnar sem gerð var samhliða samsvarandi könnun á Vesturlandi. Niðurstöður hennar voru kynntar á þremur fundum í landshlutanum í september 2019.

Skýrsla með helstu niðurstöðum könnunarinnar<sup>5</sup>, ásamt myndbandi með kynningu á niðurstöðum<sup>6</sup>, er að finna á heimasíðu SSNV.

Þetta er í fyrsta skiptið sem SSNV tekur þátt í þessari umfangsmiklu könnun. Til stendur að vinna samskonar könnun á árinu 2019 og mun SSNV einnig taka þátt í henni.

<sup>5</sup> [http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/radstefnur\\_fundur\\_og\\_namskeid/ibuakonnun\\_2016\\_allir-landshlutar\\_lokaeintak.pdf](http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/radstefnur_fundur_og_namskeid/ibuakonnun_2016_allir-landshlutar_lokaeintak.pdf)

<sup>6</sup> <https://www.youtube.com/watch?v=ib1jaLjiA5k&feature=youtu.be>



| Ljósmynd: Árni Geir Ingvarsson

## IÐNAÐARUPPBYGGING Á NORÐURLANDI VESTRA

Í lok árs 2016 var undirritaður samningur við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um mat á uppbyggingu nýrrar iðnaðarstarfsemi í Austur-Húnavatnssýslu. Samkvæmt samningnum skal SSNV láta gera greiningu á svæðinu sem gæfi heildstæða mynd af aðstæðum til uppbyggingar nýrrar iðnaðarstarfsemi sem teldist fullnægjandi til að vekja áhuga og svara spurningum þeirra sem eru líklegir fjárfestar í atvinnustarfsemi á svæðinu. Einnig að til verði heildstæð greining á iðnaðarkostum sem henta svæðinu út frá sérstöðu þess. Tekið skal mið af alþjóðlegri tækni- og viðskiptaþróun og skýrri framtíðarsýn um þróun markaða.

Á árinu 2018 var lokið við skýrslu um innviði Norðurlands vestra, bæði á íslensku og ensku. Haldnir hafa verið fundir með Landsvirkjun varðandi næstu skref og hafið er samtal við ráðuneytið varðandi bestu ráðstöfun þeirra fjármuna sem eftir standa af þeim stuðningi sem ætlaður var til verkefnisins. Vonir standa til að framhald verkefnisins hefjist sem fyrst á árinu 2019.


Mikilvægt er að vanda vel alla undirbúningsvinnu varðandi kynningu svæðisins sem ákjósanlegs staðar til iðnaðaruppbyggingar. Áhugi á svæðinu er nokkur og má leiða líkum að því að með starfsemi nýs gagnavers við Blönduós eigi hann eftir að aukast enn frekar. Ljóst er að aðstæður í landshlutanum til ýmiskonar iðnaðarstarfsemi eru hinar ákjósanlegustu. Innviðir samfélaga á svæðinu eru eins og best verður á kosið, landsvæði nægt og staðsetning góð með tilliti til flutninga á framleiðslu- og hrávöru.

## SSNV ATVINNUÞRÓUN

Á árinu 2018 var sem fyrr unnið að margvíslegum verkefnum hjá SSNV atvinnuþróun. Verkefnin sem um ræðir fela í sér fjölbreytta ráðgjöf til frumkvöðla, fyrirtækja, félaga og stofnana. Starf SSNV atvinnuþróunar miðar meðal annars að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á Norðurlandi vestra við þróun viðskiptahugmynda, stofnun fyrirtækja og rekstrarráðgjöf.

Töluverður hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlana og umsókna til hvers kyns sjóða og lánastofnana. Þá hefur eftirspurn aukist eftir aðstoð við rekstraráætlanir og markaðs- og kynningarstarf.

Alls unnu atvinnuráðgjafar SSNV að 86 verkefnum á árinu og hér að neðan má sjá hvernig verkefnin skiptast niður í flokka eftir viðfangsefnum og tíma.



Undanfarin ár hefur þjónusta atvinnuráðgjafa beinst aðallega að verkefnum tengdum ferðamála og veitingaþjónustu eða um 50% fyrir 2018.

Oft á tíðum skarast verkefni tengd SSNV atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknaráætlunar eru að miklu leyti atvinnuþróun/ráðgjöf til styrkþega.

Starfsfólk SSNV atvinnuþróunar hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins, þ.e. eftirfylgni með verkefnum og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna í sjóðinn og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu.

SSNV var samstarfsaðili að Evrópuverkefni sem hafði það að markmiði að bjóða frumkvöðla-konum í dreifðum byggðum að byggja upp hæfni og færni til að efla fyrirtæki þeirra og að víkka út tengslanet, bæði heima fyrir og í Evrópu. Þetta var gert með því að aðlaga að netinu


aðferðafræði persónulegra þjálfunarhringja (Enterprise Circles™) sem hefur reynst gagnleg í því að styðja konur til að efla sjálfstraust sem og að kynna fyrir þeim hagnýtar aðferðir sem nauðsynlegar eru í rekstri. Tvær konur af Norðurlandi vestra tóku þátt í verkefninu. Verkefninu var svo lokað með ráðstefnu sem haldin var á Sauðárkróki. Á ráðstefnunni sameinuðust allir samstarfsaðilar verkefnisins auk þess sem konur af öllu landinu sóttu viðburðinn.

Samtökin stóðu fyrir málþingi í Ljósheimum í Skagafirði. Yfirskrift málþingsins var *Fjármögnun og fjárfestingar í atvinnulífinu á landsbyggðinni*. Framsögumenn voru sex og fjölluðu erindi þeirra meðal annars um fjárfestingar á svæðinu, fjármögnunarmöguleika, fjárfestingar lífeyrissjóða á landsbyggðinni og samstarf Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins á landsbyggðinni. Fundurinn var vel sóttur og sköpuðust góðar umræður. Á fundinum kom skýrt fram að mikill hugur er í fólki á svæðinu og mörg fyrirtæki sem stunda nýsköpun og þróun.

SSNV stóð fyrir námskeiði í stofnun fyrirtækja þar sem farið var yfir mismunandi félagiform, skattaleg sjónarmið, ábyrgð stjórnenda og fjármálastjórnun. Námskeiðið var í boði fyrir styrkhafa Uppbyggingarsjóðs og var almenn ánægja með námskeiðið.

Samtökin hafa staðið fyrir markaðs- og kynningarátaki undanfarið. Hluti af því verkefni var að láta hanna kennimerki sem fyrirtæki á Norðurlandi vestra geta nýtt sér í sinni markaðssetningu, kennimerki sem gefur til kynna hvar á landinu viðkomandi fyrirtæki er staðsett.

SSNV er þátttakandi í fyrirtækja-könnun landshlutanna sem Vífill Karlsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur unnið um nokkurra ára skeið.



Könnunin hefur verið send út á fyrirtæki á svæðinu, allt frá einyrkjum til stærri fyrirtækja og annarra sem hafa fólk í vinnu. Í könnuninni er leitað eftir viðhorfi forsvarsmanna fyrirtækja á landsbyggðinni til núverandi stöðu þeirra og framtíðarhorfa. Er það liður í því að bæta þekkingu opinberra aðila og almennings á stöðu atvinnulífsins á landsbyggðinni. Niðurstöður könnunarinnar geta nýst til að meta betur mögulegan stuðning sem SSNV gæti veitt til fyrirtækja á svæðinu. Könnunin var unnin á árinu 2018 en niðurstöður eru væntanlegar 2019.



| Ljósmynd: Árni Geir Ingvarsson

## SAMGÖNGUMÁL Á NORÐURLANDI VESTRA

Það væri óskandi að í þessum kafla væri fjallað um þær fjölmörgu samgönguframkvæmdir sem ráðist var í á árinu 2018 á Norðurlandi vestra. Því miður er því ekki að heilsa. Líkt og undanfarin ár reið landshlutinn ekki feitum hesti frá fjárúthlutun ríkisvaldsins í þennan málaflokk.

Á árinu 2017 var unnin samantekt á brýnustu samgönguframkvæmdum í landshlutanum. Tók þáverandi stjórn SSNV ákvörðun um að leggja áherslu á þær framkvæmdir sem þegar voru komnar inn á samgönguáætlun, sem voru þá nýtt brúarstæði yfir Tjarnará á Vatnsnesi og endurnýjun Skagastrandarvegar frá Þjóðvegi 1 að Þverárfjallsafleggjara. Framkvæmdir við Tjarnará hófust á árinu 2018 og eru, þegar þetta er ritað, vel á veg komnar. Minna er hins vegar að fréttu af Skagastrandarveginum sem á samgönguáætlun, sem var í umræðu á Alþingi í lok árs 2018, var búið að fresta til ársins 2021. Þrátt fyrir mótmæli SSNV og sveitarfélaga á starfssvæðinu var sú áætlun samþykkt í upphafi árs 2019. Í fyrri áætlunum hafði Skagastrandarvegurinn verið á dagskrá árið 2019. Eru það mikil vonbrigði að honum skuli hafa verið frestað en sú frestun er í takt við almennt áhugaleysi ráðamanna á samgöngumálum í landshlutanum ef miðað er við fjölda nýframkvæmda undanfarin ár.

Ástand stofn- og tengivega í landshlutanum er afar bágborið og er hlutfall malarvega hvað hæst á landinu á Norðurlandi vestra. Það er því ekki aðeins í nýframkvæmdum sem landshlutinn hefur setið á hakanum heldur líka í almennu viðhaldi vega.



Í tilraun til að knýja hraðar fram úrbætur var á 2. haustþingi samtakanna, þann 19. október 2018, skipuð samgöngu- og innviðanefnd. Er henni ætlað að marka stefnu fyrir Norðurland vestra í samgöngumálum, gera grein fyrir helstu áætlunum og forgangsraða verkefnum. Með sameiginlegri stefnu og skýrri sýn á mikilvægustu framkvæmdir eru meiri líkur á að knýja megi á úrbætur af hálfu stjórnvalda. Nefndin mun leggja fram tillögu að samgönguáætlun á 27. ársþingi samtakanna.

Nefndina skipa:

### **Aðalmenn**

Einar K. Jónsson, Húnavatnshreppur, formaður  
Indriði Þór Einarsson, Sveitarfélagið Skagafjörður  
Magnús Magnússon, Húnaþing vestra  
Alexandra Jóhannesdóttir, Sveitarfélagið Skagaströnd  
Guðmundur Haukur Jakobsson, Blönduósþétt  
Drífa Árnadóttir, Akrahreppur  
Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Skagabyggð

### **Varamenn**

Sveinn Úlfarsson, Sveitarfélagið Skagafjörður  
Guðný Hrund Karlsdóttir, Húnaþing vestra  
Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélagið Skagaströnd  
Rannveig Lena Gísladóttir, Blönduósþétt  
Eypór Einarsson, Akrahreppur  
Þorleifur Ingvarsson, Húnavatnshreppur  
Magnús Björnsson, Skagabyggð

## SAMSTARF Á VETTVANGI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Samstarf SSNV og ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra, sem sett var á laggirnar árið 2014, hélt áfram á árinu með virku starfi Fagráðs ferðaþjónustunnar. SSNV leggur til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann með Fagráði ferðaþjónustunnar sem í sitja fulltrúar ferðamálafélaganna í Húnaþingi vestra, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði. Fagráðið skipuðu árið 2018:

Edda Brynleifsdóttir, f.h. Ferðamálafélags Austur-Húnavatnssýslu  
 Evelyn Ýr Kuhne (Þórhildur M. Jónsdóttir til vors), f.h. Félags ferðaþjónustunnar í Skagafirði  
 Sigurður Líndal Þórisson, f.h. Ferðamálafélags Húnaþings vestra  
 Unnur Valborg Hilmarsdóttir (Björn Líndal Traustason til vors), f.h. SSNV

Starfandi ráðgjafi á sviði ferðamála sem starfar með fagráðinu er Davíð Jóhannsson. Ráðgjafinn kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum sem sprottin eru á öðrum vettvangi, auk þess sem hann er tengiliður á milli sveitarstjórna, stjórnssýslunnar og greinarinnar sjálfar.

Í samstarfssamningi verkefnisins er lagt upp með að; a) skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, b) skjóta sterkari stoðum undir afkomu og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra, c) greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, d) styðja við vöruþróun og markaðs- og kynningarstarf ferðaþjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

Samstarfið hefur almennt virkað mjög vel og er orðið mun áþreifanlegra og sýnilegra á öllu svæðinu. Meðlimir einstakra félaga eru með tímanum orðnir meðvitaðri og jákvæðari gagnvart gildi samstarfs á stærra svæði og fleiri hugmyndir farnar að kvikna að sameiginlegum verkefnum. Vettvangurinn hefur skapað grundvöll fyrir fleiri faglegar uppákomur sem nýtast öllu svæðinu og voru „Vordagur ferðaþjónustunnar“ í maí í Eyvindarstofu á Blönduósi og „Haustdagur ferðaþjónustunnar“ í Miðgarði í Skagafirði í nóvember vel heppnuð dæmi.

Samráðsvettvangurinn hefur auðveldað svæðinu aðkomu að stærri kynningarverkefnum, s.s. heimsóknnum söluaðila sem geta verið fljótar að hafa áhrif með nýjum og auknum viðskiptatengslum inn á svæðið. Gott dæmi um slíkt var vel heppnuð kynnisferð erlendra söluaðila af VestNorden ferðakaupstefnunnar sem fóru um svæðið og kynntu sér það í byrjun október. Ferðin var hluti af áhersluverkefni sóknaráætlunar um að kynna svæðið fyrir erlendum söluaðilum. Í ársbyrjun voru átta svæðisleiðsögumenn (þeir fyrstu frá 1994) útskrifaðir frá Farskóla Norðurlands vestra og eiga þeir vonandi eftir að nýtast svæðinu vel. SSNV var bakhjarl þessa námskeiðs í gegnum áhersluverkefni.

Á vordögum var Áfangastaðaáætlun (DMP) fyrir Norðurland<sup>7</sup> lögð fram af Markaðsstofunni sem framkvæmdaaðila og kynnt formlega á haustdögum ásamt sambærilegum skýrslum annarra landshluta. Ljóst er að skýrslan er einungis byrjunin af umfangsmeiri greiningarvinnu og rannsóknum, sem munu fylgja í framhaldinu. Í einu af áhersluverkefnum 2018/2019 er því mætt með fjárveitingu.

Með samráðsvettvangnum hefur svæðið orðið sýnilegra innan vébanda Markaðsstofu Norðurlands, sem er mikilvægt þegar kemur að hinni eiginlegu markaðssetningu Norðurlands sem áfangastaðar á alþjóðavísu, auk aðkomu ráðgjafa að ýmsum málum henni tengdri, s.s. starfi Flugklasa og undirbúningi Norðurstrandarleiðar (Arctic Coast Way).

Eftir kynningarfundu, sem staðið var fyrir síðla árs 2017 í ljósi breyttra úthlutunarreglna Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og sérlegrar áherslu ráðherra á fáfarnari svæði, var það gleðilegt að rúmlega 100 milljónir króna skyldu skila sér inn á svæðið í formi styrkja í úthlutun ársins til hinna ýmsu verkefna.

Samstarfssamningurinn rann út á árinu en endurnýjun hans dróst fram í ársbyrjun 2019.



| Ljósmynd: Viking Rafting

<sup>7</sup> [https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/dmp\\_skyrsla\\_2018\\_webpdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/dmp_skyrsla_2018_webpdf)



| Frá fundi um smávirkjanir, ljósmynd: Ingibergur Guðmundsson

## „HEFURÐU ÁHUGA Á AÐ VIRKJA LÆKINN ÞINN?“ - SMÁVIRKJANASJÓÐUR SSNV

Eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra árið 2017 bar heitið; *Könnun á möguleikum á smávirkjunum á Norðurlandi vestra*. Markmið verkefnisins var að fjölga smávirkjunum í landshlutanum, þ.e. virkjunum undir 10 MW og þar með skjóta frekari stoðum undir búsetu í dreifbýli í landshlutanum.

Í desember 2017 var samið við verkfræðistofuna Mannvit um að gera frumúttekt á virkjunarkostum á Norðurlandi vestra. Í skýrslu fyrirtækisins, sem skilað var í maí 2018, voru taldir upp 82 hugsanlegir virkjunarkostir í landshlutanum og hagkvæmni þeirra metin.

Hinn 30. ágúst 2018 var svo haldinn kynningarfundur á Blönduósi um niðurstöður frumúttektarinnar sem um 60 manns sótti. Í framhaldi af því var stofnaður Smávirkjanasjóður SSNV og auglýst eftir umsóknum um styrki til þess að gera frumúttekt á virkjunarmöguleikum, Skref 1. Alls bárust 17 umsóknir og að tillögu fagráðs var samþykkt að veita 10 styrki. Gerðir hafa verið samningar við 8 styrkhafa en í tveimur tilfellum hefur styrkhafi afþakkað styrkinn. Samið hefur verið við verkfræðistofuna Mannvit um framkvæmdina og er niðurstaðna að vænta í maí 2019.

## NÝR GAGNAGRUNNUR UM MENNINGARMÁL

Í nóvember tóku SSNV og Eyþing í notkun yfirgripsmikinn gagnagrunn um menningartengda þjónustu á Norðurlandi. Verkefnið hefur hlotið nafnið *Menningarbrunnur* en það hlaut styrki úr Sóknaráætlunum Norðurlands eystra og vestra sem áhersluverkefni.

Menningarbrunnur



Menningarbrunnurinn er aðgengilegur á heimasíðum beggja aðila. Í gagnagrunninum er m.a. að finna upplýsingar um hátíðir, húsnæði, hönnunarhús/gallerí, menningarstofnanir/félög, svæðisbundna fjölmiðla, söfn/setur, tónlist, útilistaverk og vinnustofur listamanna.

## NÁMS- OG KYNNISFERÐ TIL KANADA

Að frumkvæði Byggðastofnunar fóru fulltrúar allra landshlutanna nema höfuðborgarsvæðisins í náms- og kynnisferð til Kanada 13.-18. maí. Að hálfu SSNV tóku Unnur Valborg Hilmarsdóttir og Ingibergur Guðmundsson þátt í ferðinni.

Markmiðið með ferðinni var að kynna ýmsum þáttum atvinnuþróunar og nýsköpunar í nágrenni Toronto og víðar. Heimsóttar voru m.a. rannsóknastofnanir, frumkvöðlasetur og bændabýli og kynningar voru á fyrirkomulagi stuðningsnets atvinnuþróunar og nýsköpunar í dreifðum byggðum.



| Ljósmynd: Árni Geir Ingvarsson

DIGI2MARKET

SSNV er þátttakandi í Norðurslóðaverkefni sem kallast Digi2Market, sem útfærst gæti á íslensku sem stafræn leið til markaðar. Verkefninu er ætlað að taka á ýmsum áskorunum sem fyrirtæki á jaðarsvæðum kunna jafnan að glíma við, svo sem smæð markaðar, fjarlægð frá markaði og einangrun. Áætlað er að verkefninu ljúki 2021.

Markmið verkefnisins er m.a. að þróa nýjungar í stafrænum markaðs- og söluhugbúnaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, aðstoða þau við að nýta sér stafræna möguleika og þróa viðskiptamódel sem stuðlar að umhverfisvænum rekstri. Þá er ennfremur stefnt að því að þátttaka í verkefninu stuðli að alþjóðlegum vexti fyrirtækja.

Aðrir þátttakendur í verkefninu eru WESTBIC, ICBAN, Udaras na Gaeltachta, University of Ulster og Karelia University.

Fyrsti fundur verkefnisins var haldinn í Galway dagana 13.-14. nóvember sl. Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri, og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi og tengiliður verkefnisins, sóttu fundinn fyrir hönd SSNV. Farið var yfir skipulag komandi mánaða og drög að verkáætlun listuð upp. Næsti fundur verkefnahópsins verður í apríl 2019 á Laugarbakka.




| Ljósmynd: þátttakendur í verkefninu DIGI2MARKET

## AÐ KOMA NORÐURLANDI VESTRA OG SSVN Á KORTIÐ

Á árinu 2018 var lögð meiri áhersla en áður á miðlun upplýsinga um verkefni samtakanna. Hefur það verið gert með markvissum hætti á heimasíðu samtakanna sem og á facebook. Fréttir sem settar hafa verið inn á síðu samtakanna hafa í æ ríkara mæli ratað bæði í svæðis- og landsmiðla. Þannig er bæði verið að vekja athygli á starfi samtakanna en ekki síður á landshlutanum í heild.

Samkvæmt skýrslum Fjölmíðlavaktarinnar má glögg sjá að þessi áhersla er að skila sér. Ef lítið er til árána 2016, 2017 og 2018 má sjá aukinn stíganda í fjölda fréttu um samtökin ef teknir eru saman allir miðlar. Árið 2016 voru fréttirnar alls 52 talsins, árið 2017 voru þær 68 en árið 2018 voru þær 155.



Góð kynning á samtökunum eykur vitund um starfsemi samtakanna innan svæðis sem mögulega gerir það að verkum að fleiri hafa tækifæri til að nýta þjónustuna sem þau hafa upp á að bjóða. Auk þessa verða birtingar í landsmiðlunum til þess að vekja athygli á landshlutanum öllum. Áfram verður því haldið að leggja áherslu á þennan þátt í starfinu.



| Ljósmynd: Árni Geir Ingvarsson

## SVEITARSTJÓRNARVETTvangur EFTA

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA fundaði í átjándra sinn í Brussel 6.-7. desember 2018. Vettvangurinn tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES EFTA samstarfinu. Í honum eiga sæti sex kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Íslandi og Noregi og tveir áheyrnarfulltrúar frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands. Landshlutasamtökin eiga fulltrúa í vettvangnum skv. skiptireglu og næstu tvö ár á SSNV fulltrúa.

Alla jafna eru það formenn landshlutasamtakanna sem sitja fundi vettvangsins. Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV, sat fundinn en þar voru til umfjöllunar áhugaverð málefni. Má þar nefna tækifæri fyrir íslensk sveitarfélög innan samstarfsáætlana Evrópusambandsins, útganga Breta úr Evrópusambandinu, „vernd hvíslara“ í nútímasamfélagi og aukið samstarf við svæðanefnd Evrópusambandsins.



*Sveitarstjórnarvettvangur EFTA*



## ÁRSPING SSNV 2018

26. ársþing SSNV var haldið í félagsheimilinu Skagabúð, Skagabyggð, 6. apríl 2018. Fyrir þinginu lágu ársskýrsla og ársreikningar SSNV fyrir árið 2017. Tap varð á rekstri að upphæð tæpar 1,4 millj. kr.

Á þinginu var samþykkt tillaga um þóknanir til stjórnar og nefnda SSNV fyrir árið 2018 og að kalla saman aukaársþing að loknum sveitarstjórnarkosningum þar sem rædd verði stefna og hlutverk samtakanna til næstu ára.

## AUKAÁRSPING SSNV 2018

Aukaársþing SSNV var haldið á Mælifelli, Sauðárkróki, 22. ágúst 2018. Starfsmenn SSNV kynntu starfsemi samtakanna og Björg Ágústsdóttir, ráðgjafarfyirtækinu Alta, fór yfir þá vinnu sem fram hafði farið um framtíðarskipulag SSNV á árinu. Að því loknu var hópavinna um framtíðarmarkmið samtakanna.

Í lok þingsins var skipuð sjö manna nefnd, einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi, til áframhaldandi vinnu við framtíðarskipulag samtakanna.



Ljósmynd: Herdís Jakobsdóttir

## HAUSTÞING SSNV 2018

Haustþing SSNV var haldið í Félagsheimilinu á Blönduósi 19. október 2018. Gestur þingsins var Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á þinginu var samþykkt ályktun um innviði og hagvöxt á Norðurlandi vestra, fjárhagsáætlun 2019 og starfsáætlun SSNV fyrir árið 2019, að veita Skíðadeild Tindastóls 10 millj. kr. styrk vegna framkvæmda við uppsetningu á nýrri skíðalyftu og skipun 3ja manna nefndar til að leggja fram drög að breyttum samþykktum SSNV fyrir ársþing 2019. Þá fóru fram kosningar í stjórn og fastanefndir SSNV til tveggja ára, sem og í samgöngu- og innviðanefnd.

## KYNNING TIL SVEITARSTJÓRNARFÓLKS

Í sveitarstjórnarkosningum í maí 2018 varð veruleg endurnýjun á kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum á Norðurlandi vestra. Að loknu haustþingi SSNV 19. október var því haldin fræðsludagskrá fyrir sveitarstjórnarmenn um sameiginleg verkefni og hagsmuni sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Dagskránni var einnig streymt til þeirra sem ekki höfðu tækifæri á að mæta en vildu fræðast um þessi mál.

Dagskráin var sem hér segir:

*Byggðaaáætlun 2018-2024:* Snorri Björn Sigurðsson, Byggðastofnun

*Rekstur almenningsamgangna:* Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV

*Starfsemi Norðurár b/s, urðunarstaðar í Stekkjarvík:* Magnús B. Jónsson, formaður stjórnar

*Málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra:* Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri

*Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra:* Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri

*Áhersluverkefni Sóknaaráætlunar NI.v.:* Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV

## ÁRSREIKNINGUR

Sjá bls. 35-46.